

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

nr. 34/2000
frá 31. mars 2000

um breytingu á XX. viðauka (Umhverfis mál) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 72/97 frá 4. október 1997⁽¹⁾.
- 2) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/774/EB frá 24. nóvember 1999 varðandi staðlaða fylgibréfið sem um getur í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 259/93 um umsjón og eftirlit með flutningi úrgangs innan, til og út úr Evrópubandalaginu⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.
- 3) Í samræmi við ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 50/97 frá 27. júní 1997 hefur Liechtenstein verið veittur réttur til þess að beita, að því er varðar hættulegan úrgang sem er ráðstafað eða endurheimtur í Sviss, svissneskum reglum um hættulegan úrgang sem gilda í Liechtenstein samkvæmt sáttmálanum frá 29. mars 1923 um aðild furstadæmisins Liechtenstein að svissneska tollasambandinu. Því er Liechtenstein heimilt að nota svissneska fylgibréfið fyrir hættulegan úrgang sem er ráðstafað eða endurheimtur í Sviss.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 30, 5.2.1998, bls. 45 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 5, 5.2.1998, bls. 183.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 310, 3.12.1994, bls. 70.

1. gr.

Eftirfarandi liður komi aftan við lið 32c (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 259/93) í XX. viðauka við samninginn:

„32ca. **394 D 0774:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/774/EB frá 24. nóvember 1994 varðandi staðlaða fylgibréfið sem um getur í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 259/93 um umsjón og eftirlit með flutningi úrgangs innan, til og út úr Evrópubandalaginu (Stjtið. EB L 310, 3.12.1994, bls. 70).

Ákvæði ákvörðunarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

„Að því er varðar hættulegan úrgang, sem er ráðstafað eða endurheimtur í Sviss, er Liechtenstein heimilt að nota svissneska fylgibréfið í stað staðlaða fylgibréfsins sem er í viðauka við ákvörðunina“.

2. gr.

Texti ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 94/774/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi þann 1. apríl 2000, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 31. mars 2000.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

F. Barbaso

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik

E. Gerner

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði tilgreind.

